



Reykjavík, 9. mars 2026

MSS25110132

Velferðarráð

Tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins um skólaakstur barna

Á fundi mannréttindaráðs þann 5. mars 2026, var lögð fram að nýju meðfylgjandi tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins, sbr. 6. lið fundargerðar mannréttindaráðs sama dag. Jafnframt var lögð fram umsögn Kvennaathvarfsins dags. 11. febrúar 2026, um tillöguna. Samþykkt og vísað til meðferðar velferðarráðs. MSS25110132

Mannréttindaráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Mannréttindaráðið samþykkir að vísa þessari tillögu til meðferðar Velferðarráðs og tekur undir mikilvægi þess að tryggja þessum börnum viðeigandi námsumhverfi. Ljóst er að akstursþjónustan þarf ávallt að vera í samráði við sérfræðinga Kvennaathvarfsins þar sem aðstæður og þörf barna geta verið afar mismunandi.

Tillögunni er hér með vísað til meðferðar velferðarráðs.

Elísabet Pétursdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:

Tillaga



MSS25110132

Mannréttindaráð 27. nóvember 2025: Tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins

Framsókn leggur til að mannréttindaráð samþykki að óska eftir því við velferðarráð að Reykjavíkurborg greiði fyrir skólaakstur reykvískra barna sem dvelja í Kvennaathvarfinu fjarri heimili sínu. Gert er ráð fyrir að útfærslan sé á höndum velferðarsviðs í samvinnu við Kvennaathvarfið. Í Kvennaathvarfinu dvelja mörg börn á hverjum tíma með mæðrum sínum, en athvarfið er oft staðsett langt frá heimaskólum barnanna. Ekki hafa allar mæður aðgang að bíl eða tók á að koma börnum sínum í skóla.



Reykjavík